

## Athugasemdir við drög að orkustefnu

Í stuttu máli finnst mér stefnan að flestu leyti vönduð og vel unnin, en þó er einn stór galli á að mínu mati sem er sá að svo virðist vera að reiknað sé með að nýtingarréttur á orkuauðlindum eigi að lúta einhvers konar „samkeppnislögmálum“ og einkaaðilar fái leyfi til að nýta auðlindirnar og þar með fá stærsta hluta arðsins af þeim.

Hér á eftir tíunda ég einstakar greinar sem ég geri athugasemd við.

Með breytingum sem gerðar voru á raforkulögum árið 200815 var komið á laggirnar svonefndu neyðarsamstarfi raforkukerfisins (NSR), sem er samvinnuvettvangur vinnslufyrirtækja, flutningsfyrirtækis (Landsnets), dreifiveitna, stórnotenda og opinberra aðila á Íslandi, þ.m.t. Orkustofnun og iðnaðarráðuneyti, vegna vár sem steðjar að vinnslu, flutningi eða dreifingu raforku, og/eða stórnotendum (bls.12) **Hægt er að skilja þessa grein þannig að reiknað sé með að orkufyrirtækin séu í einkaeign, sem er klárlega ekki það sem þjóðin vill.**

Flutnings- og dreifikerfi verði áfram styrkt til að auka afhendingaröryggi. (bls.14) **Enn má lesa það milli línanna að um einkafyrirtæki sé að ræða og reiknað sé með að dreifikerfið sé styrkt af almannafé.**

Fyrirkomulag útboða á nýjum jarðhitasvæðum tryggja jafnstöðuvinnslu þeirra. Virkjanaleyfi séu tímabundin og skilyrt 19 þannig að unnt sé að breyta vinnslunni og koma við hugsanlegum mótvægisáðgerðum í ljósi reynslunnar (bls.15) **Enn er gengið út frá einkavæðingu á nýtingu orkuauðlinda sem er í hróplegri andstöðu við þjóðina.**

Laga- og reglugerðarumhverfi sé fremur hvetjandi en letjandi til uppbyggingar dreifðra smávirkjana og annarra fjölbreyttra orkugjafa. Þó sé gætt að öryggis- og umhverfisverndarsjónarmiðum við uppbyggingu og að eftirlit sé haft með rekstri engu síður en í hefðbundnum og stærri virkjunum. Auka þarf samstarf og samráð milli byggingaryfirvalda, iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar hvað varðar framkvæmda- og rekstrareftirlit með smávirkjunum.(bls.16-17)

**Að mínu mati þarf að tryggja opinbert eignarhald á stórum orkufyrirtækjum á Íslandi en ekki má útiloka smávirkjanir á eignarlöndum, sem einkum eru hugsaðar til eigin nota, fyrir smáfyrirtæki. Ekki má samt hvika frá kröfum um náttúruvernd og umhverfismat.**

Umhverfismat þarf ávallt að koma á undan hvers kyns framkvæmdum á svæði, samningum um framkvæmd og fjármögnunar hennar. Að öðrum kosti verður umhverfismatið aðeins formsatriði án vægis.

Tryggja þarf upplýsingaskyldu um rekstur orkufyrirtækja frá því stærsta yfir í það smæsta, þannig að almenningur sem á auðlindina geti fylgst með og veitt aðhald.

Útgáfa og útleiga nýtingarleyfa komi aðeins til álita að uppfylltu því forskilyrði að opinberir eigendur náttúrugæða fái áðurnefndan kostnað bættan (bls.19). **Enn er verið að ræða um útleigu á nýtingu orkuauðlindanna allt bendir til þess að vilji þjóðarinnar standi til þess að orkufyrirtæki séu í almannaeigu.**

Útboðsferli jarðhitasvæða tryggja jafnstöðuvinnslu þeirra. Virkjanaleyfi séu tímabundin og skilyrt þannig að hægt sé að breyta vinnslunni og beita hugsanlegum mótvægisaðgerðum í ljósi reynslunnar (bls.23).

**Enn má lesa út úr textanum að verið sé að semja við einkaaðila um nýtingu orkunnar.**

**Umhugsunarvert er að orkunýting á Íslandi hefur verið í veldisvexti undanfarin ár án sýnilegs ávinnings fyrir þjóðina. Samningar við orkukaupendur hafa verið í hag kaupenda og því hefur mikil leynd hvílt yfir þeim. Allir samningar um orkusölu þurfa að vera opinberir svo stórfyrirtæki geti ekki mútað samningamönnum til að skrifa undir óhagkvæman samning.**

Í stefnunni er eindregið hvatt til hærra orkuverðs á Íslandi, sem dregur úr arðsemi fyrirtækja en getur á hinn bóginn hvatt til virkjanna, einkum ef orkufyrirtækin eru í einkaeigu. Mikilvægt er að líta á orkugeirann sem grunnþjónustu, ef orkan er seld ódýrt eykst arðsemi fyrirtækjanna og þau borga hærra skatta, ef orkan hins vegar er seld dýrt kemur arðsemin í ríkiskassann í gegn um orkusöluna. Ef einkaaðili borgar fyrir aðgang að orkunni, dregst sá kostnaður frá arðinum, hann leggur meira á útselda orku, almenningur borgar meira fyrir hana og fyrirtækin líka sem dregur úr hagnaði þeirra og þar með sköttum til samfélagsins.

Leið 3 í kafla 7.3.Eignarhald, fjármögnun og áhætta í rekstri orkuvinnslufyrirtækja „.....sem þýðir að opinberir eigendur orkuauðlinda þurfa ekki að taka beina áhættu af virkjun þeirra frekar en þeir kjósa og geta. Þeir fá engu að síður sinn skerf af arðinum með beinum og gagnsæjum hætti“ (bls.31). **Hver ber þá ábyrgðina ef illa fer og hvert fer umframárður ef einhver er? Safnast hann bara upp innan fyrirtækisins? Væntanlega eiga eigendurnir að taka áhættu og jafnframt að njóta arðsins líka? Reynsla undanfarinna ára er sú að það er alltaf almenningur sem axlar ábyrgðina en alltof oft eru það bara einkaaðilar sem fá arðinn. Þessu þarf að breyta varðandi takmarkaðar auðlindir sem fela í sér einokunarstöðu.**

Að vinnslufyrirtæki í opinberri eigu ráðist aðeins í virkjanaframkvæmdir sem eru hagkvæmar og skila samfélagslegum ábata og eðlilegum arði til almennings, að teknu tilliti til ávöxtunarkröfu sem byggir á fjármagnskostnaði og áhættu verkefnisins sjálfs, en ekki á grundvelli bakábyrgðar opinberra eigenda. Að fjárfestingar og tilheyrandi áhættutaka vinnslufyrirtækja í opinberri eigu hafi sem minnst áhrif á lánshæfismat og lánakjör eigendanna (ríkis og sveitarfélaga).

.....  
Að sanngjarn hluti auðlindentu vegna nýtingar orkuauðlinda í eigu opinberra aðila renni til eigendanna með beinum og gagnsæjum hætti, óháð eignarhaldi og fjármögnunarfyrirkomulagi vinnslufyrirtækjanna. (bls.31).

**Þetta má skilja þannig að einungis þurfi að gæta að arðsemi ef um opinbert fyrirtæki sé að ræða. Að mínu mati ber að gera nákvæmlega sömu kröfur til einkafyrirtækja fari svo illa að aðgangur að orkuauðlindum Íslands verði opinn fyrir þeim. Þeir geta með blekkingum takið út arð úr fyrirtæki tímabundið og skilað því svo af sér sem rjúkandi rúst með alvarlegum afleiðingum.**

Að hjá vinnslufyrirtækjum í opinberri eigu verði áhættutöku vegna fjárfestinga fyrir stórnotendamarkað haldið sem mest aðskilinni frá áhættu vegna þjónustu við almennan markað. Þetta má til dæmis gera með því að stofna dótturfélög með takmarkaðri ábyrgð um þjónustu við stórnotendur. Þau félög yrðu að fullu í eigu vinnslufyrirtækjanna og þannig í fullri (óbeinni) opinberri eigu (bls.31).

**Hvað með einkageirann á þá ekki að gera sömu kröfur til hans? Endurtek að einkageirinn á að mínu mati ekki erindi inn á einokunarmarkað.**

Að tekið verði upp uppboðs- og leigufyrirkomulag vatns- og jarðhitaréttinda í opinberri eigu, sbr. kafla 7.4.

**Þessu er ég algerlega ósammála vegna þess að einkageirinn á ekkert erindi að takmörkuðum auðlindum þjóðarinnar. Megi guð forða því.**

Ég set spurningamerki við ágóðann af lagningu sæstrengs til flutnings orku frá landinu. Í ljósi þess að óhjákvæmilega hlýtur einhver rýrnun að verða á leiðinni og vegna þess að sjálfbær og vinnanleg orka hér á landi er ekki það mikil að hún sé til útflutnings. Við fáum líka meiri arð af því að nýta hana hérlendis til atvinnuuppbyggingar. Ef orka verður eins dýr hér á landi og á meginlandinu þar sem markaðirnir eru minnkar það arðbærni útflutningsfyrirtækja á Íslandi sem liggur fjarri mörkuðum og tilkostnaður vegna flutninga er mikill.

**Koma þarf fram í stefnunni varnagli um ónýtta virkjunarmöguleika fyrir komandi kynslóðir til að geta brugðist við aukinni orkuþörf af ýmsum ástæðum, t.d. skortur á olíu, fjölgun þjóðarinnar o.fl.**

**Köllum ekki yfir okkur nýja nýlendustefnu stórveldanna í gegnum erlend stórfyrirtæki sem sjúga arðinn úr auðlindum landsins.**

Virðingarfyllt

Elín Erna Steinarsdóttir